



# Vísbendingar um mansal

Þú getur lagt þitt af mörkum með því að bera  
kennsl á hugsanlegan þolanda mansals.

Stjórnarráð Íslands  
Dómsmálaráðuneytið



# Vísendingar um mansal

**Ef þig grunar að einstaklingur geti verið þolandi mansals skaltu veita eftirfarandi atriðum athygli:**

## Hegðun, viðmót og ásýnd.

- Getur virkað ósamvinnuþýður og forðast samskipti; virðist ekki treysta yfirvöldum.
- Tjáir sig ekki eða á þvingaðan hátt, eða einhver annar talar fyrir hans hönd.
- Sýnir merki ótta og/eða álags.
- Sýnir merki um slæma andlega eða líkamlega heilsu.
- Vísendingar um ofbeldi eða hótanir um ofbeldi.
- Getur ekki gefið svör og samræmist ekki umhverfi sínu.
- Áttar sig illa á hlutverki sínu og aðstæðum: þekkir t.d. ekki heimilisfang sitt, veit ekki hver vinnuveitandinn er og hver tengsl við aðra í kringum sig eru.
- Vélræn svör eða virðist þjálfaður í svörum til yfirvalda.
- Þekkir ekki réttindi sín.
- Afbakkar aðstoð.
- Er undir eftirliti annars eða þriðji aðili hefur óeðlileg afskipti af viðkomandi.
- Virðist ekki vera frjáls ferða sinna og virðist háður öðrum.
- Hefur ýmist engin eða fölsuð persónuskilríki og litla sem enga fjármuni.
- Er með fáar eða engar persónulegar eigur með sér.
- Er í viðkvæmri stöðu, t.d. vegna fátæktar eða neyslu af einhverju tagi.

## Vinnu- og líf skjör.

- Virðist búa á vinnustað eða við aðrar óeðlilegar aðstæður.
- Háður vinnuveitanda sínum með fæði, húsnæði, samgöngur o.þ.h.
- Óviðunandi aðbúnaður, s.s. öryggisbúnaður og húsnæðisaðstæður.
- Er í vinnu á óeðlilegum tímum miðað við eðli starfsins.
- Vinnur óeðlilega langan vinnudag og fær lítið sem ekkert frí.
- Hefur ekki yfirráð yfir launum sínum.
- Er fluttur til og frá vinnu.
- Þekkir ekki vinnuveitanda sinn.
- Hefur engin gögn um ráðningarsamband, s.s. verksamning eða annað af því tagi.
- Verulegir eða óeðlilegir frádráttarliðir af launum eða er í skuld við vinnuveitanda eða annan sem útvegaði starfið.
- Er ekki með viðeigandi þjálfun eða þekkir ekki starfssvið sitt.
- Getur ekki sótt sér viðeigandi heilbrigðisþjónustu.
- Einstaklingur hefur fengið fyrirheit um skjótfengin lífsgæði eða annan ávinning; loforð sem var ekki staðið við.

## Ef um barn er að ræða (undir 18 ára).

- Allt framangreint á við þegar um barn er að ræða en líta þarf sérstaklega til eftirfarandi atriða:
- Eru umönnunaraðilar raunverulegir foreldrar eða forráðamenn barnsins?
- Barnið annað hvort gengur ekki í skóla eða mætir illa eða óreglulega.
- Hagar sér ekki í samræmi við hegðun annarra barna á sínum aldri.
- Grunur um vanrækslu eða ofbeldi gegn barninu.
- Virðist hrætt eða kvíðið.
- Er í sérkennilegum aðstæðum af einhverju tagi:
  - Starfi sem hentar ekki aldri, hvort sem er vegna eðli starfsins eða vinnutíma.
  - Hefur með sér í för eða selur fíkniefni.
  - Betlar.
  - Fremur smáglæpi eins og hnupl.
- Útivistartími ekki virtur.
- Sýnir einkenni áhættuhegðunar.



# HVAÐ GETUR ÞÚ GERT

ef þig grunar að einhver sé þolandi mansals?


## Hafðu samband við 112.

**Neyðarlínan 112** tekur við tilkynningum vegna gruns um mansal og kemur þeim í réttan farveg, hvort sem er til lögreglu eða á annan viðeigandi stað. Bæði er hægt að **hringja í 112** eða **senda skilaboð í gegnum netspjall** og hvort tveggja getur farið fram nafnlaust.

**Frekari upplýsingar um mansal og úrræði fyrir þolendur mansals má finna á [www.112.is/mansal](http://www.112.is/mansal)**

## Hvaða úrræði eru í boði fyrir þolendur mansals á Íslandi?

Þolendum mansals stendur til boða að fá þá þjónustu sem þeir þurfa, s.s. húsaskjól, heilbrigðisþjónustu, aðstoð frá félagsþjónustunni o.s.frv. Þá geta þolendur fengið aðstoð við að komast aftur til síns heimalands, kjósi þeir svo. Vilji þolendur að mál þeirra verði kærð til lögreglu eiga þeir rétt á ókeypis lögfræði-aðstoð og hafa möguleika á dvalarleyfi á meðan á rannsókn og saksókn mála stendur.



## Eftirtaldar stofnanir og samtök veita þolendum mansals aðstoð og ráðgjöf:



**Bjarkarhlíð**

### **Bjarkarhlíð**

Við Bústaðaveg í Reykjavík

Sími 553 3000

[www.bjarkarhlid.is](http://www.bjarkarhlid.is)

Bjarkarhlíð er miðstöð fyrir þolendur ofbeldis og samhæfingarmiðstöð fyrir þolendur mansals



### **1717 Hjálparsími/netspjall Rauða krossins**

Sími 1717

[www.1717.is](http://www.1717.is)

### **Mannréttindaskrifstofa Íslands**

Sími 552 2720

[www.humanrights.is](http://www.humanrights.is)

### **Fjölmenningarsetur**

Sími 450 3090

[www.mcc.is](http://www.mcc.is)

### **Kvennaathvarfið í Reykjavík og á Akureyri**

Sími 561 1205 / 561 1206

[www.kvennaathvarf.is](http://www.kvennaathvarf.is)





**Opnaðu myndavélina í símanum  
þínum og skannaðu þennan QR kóða.**

**SEGÐU  
FRÁ**

**112**

EINN EINN TVEIR

**Útgefið af**



**Stjórnarráð Íslands**  
Dómsmálaráðuneytið